

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnu-
hæli, nr. 38/1973.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

31. desember 1976.

Nr. 110.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. Framlög sveitarfélaga, sem skulu nema kr. 150.00 fyrir hvern íbúa sveitarfé-
lags miðað við Þjóðskrá 1. desember undanfarið ár.
- b. 0.35% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945,
um stofnun búnaðarmálasjóðs.
- c. Framlag rikissjóðs, sem nema skal samanlögðum framlögum samkvæmt staf-
liðum a og b þessarar greinar.
- d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveit-
arfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af
völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum
tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975, um
Viðlagatryggingu Íslands.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessara er
fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn
setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldar-
ábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði
sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af
hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveit-

arfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafði um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist:

Enn fremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánnum, sem sveitarfélag veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargráðasjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.